



Reglur Stykkishólmsbæjar um foreldragreiðslur vegna gæslu barns hjá öðrum en dagforeldrum.

Skilgreiningar

1. gr.

Hámarksupphæð foreldragreiðslna vegna 8 tíma gæslu er kr. 42.200 á mánuði fyrir hvert barn foreldra í sambúð og kr. 57.300 til einstæðra foreldra, öryrkja eða ef foreldrar eru báðir í námi. Greiðslur miðast við áður samþykktar niðurgreiðslur til dagforeldra, enda sé þeim ætlað brúa það tímabil sem ekki fæst vistun fyrir barn hjá dagforeldri með starfsleyfi eða í leikskóla.

Skilyrði niðurgreiðslna hjá öðrum en dagforeldrum

2. gr

Foreldragreiðslur eru háðar því að barn og foreldrar/forráðamenn séu með lögheimili og aðsetur í Stykkishólmi.

Skilyrði fyrir afgreiðslu foreldragreiðslna er að fyrir liggja umsókn um leikskólapláss í Stykkishólmi sem er staðfest af skólastjóra Leikskólans.

Foreldragreiðslur standa eingöngu þeim foreldrum til boða sem ekki hafa fengið vistun fyrir barn sitt hjá dagforeldri með starfsleyfi eða í leikskóla.

Hægt er að sækja um foreldragreiðslur þegar barn einstæðra foreldra hefur náð sex mánaða aldri og barn foreldra í hjúskap eða í sambúð hefur náð tíu mánaða aldri.

Foreldragreiðsla fellur niður þegar barn verður átján mánaða gamalt eða þegar það hefur leikskólagöngu að undangengnum áðurnefndum skilyrðum.

Foreldrum ber að tilkynna til félagsþjónustu þegar barn þeirra hefur verið tekið inn á leikskólann.

Afgreiðsla

3. gr.

Sækja þarf um foreldragreiðslur á sérstöku umsóknareyðublaði. Móttaka umsókna og afgreiðsla er hjá móttökuritari á skrifstofu Stykkishólmsbæjar.

Réttur til foreldragreiðslna skapast í næsta mánuði eftir að sótt er um. Ekki er um afturvirkar greiðslur að ræða.

Umsókn þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar á undan greiðslumánuði. Foreldragreiðslur eru fyrirfram greiddar fyrir einn mánuð í senn.

Útborgun foreldragreiðslu er þriðja (3) virka dag hvers mánaðar.



Viðurlög
4. gr.

Verði um ofgreiðslu að ræða á foreldragreiðslum áskilja bæjaryfirvöld sér rétt til endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafið gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til greiðslu er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarráði 17.mars 2016 og staðfestar af bærarstjórn 31. mars 2016.




Viðauki: Gjaldskrá Stykkishólmsbæjar 2016

Styrkur til foreldra vegna gæslu barna á heimili barnsins vegna skorts á leikskólaplássi. Forsendur styrksins er að hann nemi um það bil 25% af kostnaði við dagheimilispláss í Leikskóla Stykkishólms miðað við 8 tíma gæslu.

Foreldrar í sambúð	eining	2016
8 tímar	á mánuði	42.200 kr.
6 tímar	á mánuði	32.400 kr.
4 tímar	á mánuði	21.100 kr.
Einstæðir foreldrar, öryrkjar, foreldrar báðir í námi		
8 tímar	á mánuði	57.300 kr.
6 tímar	á mánuði	42.900 kr.
4 tímar	á mánuði	28.650 kr.

17/3 2016

Stjórn Stykkishólms

